

9. TENGIBÚNAÐUR, MERKINGAR O.FL.

9.1 TENGIBÚNAÐUR	3-9-01-01
9.2 RAFKERFI	3-9-02-01
9.3 MERKINGAR	3-9-03-01
9.4 VIÐVÖRUNARÞRÍHYRNINGUR.....	3-9-04-01
9.5 SLÖKKVITÆKI OG SJÚKRAKASSI	3-9-05-01
9.6 ÖKUMÆLAR.....	3-9-06-01
9.7 GASLEIÐSLUR.....	3-9-07-01
9.8 NEYÐARBÚNAÐUR HÓPBIFREIÐA.....	3-9-08-01
9.9 BREYTINGAR Á FLOKKUM ÖKUTÆKJA.....	3-9-09-01
9.10 SKRÁÐ TJÓNABIFREIÐ	3-9-10-01

9.1 TENGIBÚNAÐUR

9.1.1 Reglugerðarákvæði

9.1.1.1 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

21.00 Almenn ákvæði.

- (1) Tengibúnaður skal:
 - vera tryggilega festur við berandi hluta ökutækis. Rær á boltum sem festa tengibúnaðinn skulu ekki geta losnað af sjálfu sér
 - þola það álag sem hlýst af eðlilegri notkun samtengdra ökutækja
 - hafa öryggisbúnað sem kemur í veg fyrir að tengihlutinn geti opnast af sjálfu sér.
- (2) Tengihluti dráttartækis og tengihluti dregins ökutækis skulu hæfa saman. Ekki má vera óeðlilegt slag á milli tengihlutanna.
- (3) Samtengdir hlutir tengibúnaðar skulu innbyrðis vera nægjanlega hreyfanlegir.
- (4) Tenginu skal valinn staður þannig að hjól dregna ökutækisins fylgi því sem næst slóð dráttartækisins svo að sem minnst hætta sé á að ökutækin rekist saman þegar ekið er í hring með minnsta mögulegum beygjuradíusi.
- (5) Gildistaka: Ákvæði liða 21.00 (1) - (4) eiga einnig við um ökutæki sem skráð er fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

21.10 Bifreið.

- (1) Tengibúnaður á bifreið skal festur við bifreiðina samkvæmt fyrirmælum frá framleiðanda hennar.
- (2) Á tengibúnaði bifreiðar skal vera greinileg og varanleg merking um framleiðanda og mestu leyfða heildarþyngd eftirvagns sem tengja má við tengibúnaðinn.
- (3) Tengibúnaður og festing hans við bifreið skal vera samþykktur af skoðunarstofu.
- (4) Tengihluti tengibúnaðar á bifreið sem gerð er til þess að draga tengi- eða hengivagn sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd skal vera 40 mm og skv. ISO staðli 8755-1986 eða 50 mm og skv. ISO staðli 1102-1986 eða ECE reglum nr. 55.

Við eiginþyngd bifreiðar skv. 1. mgr. skal hæð að miðju tengihlutans vera 800 til 1000 mm. Samgöngustofa getur heimilað frávik frá ákvæði þessu. Jafnframt því að hafa tengibúnað skv. 1. mgr. má bifreið vera búin kúlutengi með 50 mm þvermáli tengihluta skv. ISO staðli 1103-1976.

Tengibúnaður bifreiðar og festingar hans teljast vera fullnægjandi ef búnaðurinn er samkvæmt ákvæðum EB-reglugerðar nr. 661/2009 og UN-ECE-reglna nr. 55 og 102 með síðari breytingum..

- (5) Tengibúnaður má ekki skyggja á skráningarmerki bifreiðar.
- (6) Tengistóll fyrir festivagn skal þannig gerður og honum þannig komið fyrir að eðlilegur þungi komi frá vagninum á ása bifreiðarinnar og að vagninn hafi nægilegt rými við bifreiðina

Rofi til að aflétta læsingu á færanlegum tengistól skal tengdur gaumljósi og þannig gerður og frá læsingarbúnaðinum gengið að stóllinn haldist læstur þegar rofanum er ekki haldið í virkri stöðu.

- (7) Gildistaka: Ákvæði liðar 21.10 (5) og (6) gilda einnig um bifreið sem skráð er fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

21.11 Fólksbifreið.

- (1) Tengihluti tengibúnaðar á fólksbifreið sem er 3.500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd skal vera kúla með 50 mm þvermáli.
- (2) Þyngd dráttarbeislis á tengibúnað fólksbifreiðar telst innan marka ef uppfyllt eru ákvæði EB-reglugerðar nr. 661/2009 og ESB-reglugerðar nr. 1230/2012, með síðari breytingum.
- (3) Gildistaka: Ákvæði liðar 21.11 (1) gildir einnig um bifreið sem skráð er fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

21.13 Sendibifreið.

- (1) Sömu ákvæði gilda varðandi tengibúnað og um fólksbifreið, sbr. liði 21.11 (1), (2) og (3).

21.20 Bifhjól.

- (1) Tengibúnaður á bifhjóli skal festur við bifhjólíð samkvæmt fyrirmælum frá framleiðenda þess.
 (2) Tengihluti tengibúnaðar bifhjóls skal vera kúla með 50 mm þvermál.

21.50 Eftirvagn.

- (1) Dráttarbeisli eftirvagns skal vera þannig hannað að sem minnst hætta sé á að eftirvagn og dráttartæki rekist saman þegar ekið er í hring með minnsta mögulegum beygjuradíusi.
 (2) Dráttarbeisli eftirvagns og tengibúnaður telst vera fullnægjandi ef beisli og búnaður er samkvæmt ákvæðum EB-reglugerðar nr. 661/2009 og UN-ECE-reglna nr. 55 og 102 með síðari breytingum.

21.53 Eftirvagn III.

- (1) Tengihluti á dráttarbeisli eftirvagns III skal vera 40 mm auga skv. ISO staðli 8755-1986 eða 50 mm auga skv. ISO staðli 1102-1986 eða ECE reg. nr. 55.
 (2) Við eigenþyngd eftirvagns skal hæð að miðju augans vera 800 til 1000 mm, miðað við að dráttarbeislið sé lárétt. Samgöngustofa getur heimilað frávik frá ákvæði þessu.

21.54 Eftirvagn IV.

- (1) Sömu ákvæði gilda og um eftirvagn III, sbr. liði 21.53 (1) og (2).

9.1.1.2. Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr.822/2004**19.00 Almenn ákvæði.**

- (4) Ökutæki sem ætlað er til að draga eftirvagn skal búið stöðluðu raftengi fyrir rafkerfi eftirvagnsins.


19.10 Bifreið.

- (3) Bifreið sem hefur tengibúnað fyrir eftirvagn skal búin raftengi skv. ISO staðli 1724-1975 eða DIN staðli V 72570 fyrir 12 volta rafkerfi eftirvagns en skv. ISO staðli 1185-1975 eða ISO staðli 12098-1994 (E) fyrir 24 volta rafkerfi eftirvagns.
 (4) Leiðslur í raftengi skulu tengdar á einn af eftirfarandi háttum í samræmi við nafnspennu á rafkerfi bifreiðarinnar.:


- a. Tengi skv. ISO staðli 1724:1975 fyrir 12 volta rafkerfi eftirvagns:

Mynd 19.1

1. Stefnuljós vinstra megin.
2. Þokuafturljós.
3. Jörð.
4. Stefnuljós hægra megin.
5. Eftirfarandi ljós hægra megin á eftirvagni: Afturljós, stöðuljós, breiddarljós og ljós fyrir skráningarmerki.
6. Hemlaljós.
7. Eftirfarandi ljós vinstra megin á eftirvagni: Afturljós, stöðuljós, breiddarljós og ljós fyrir skráningarmerki.




b. Tengi skv. ISO staðli 1185:1975 fyrir 24 volta rafkerfi eftirvagns:



Mynd 19.2

1. Jörð.
2. Eftirfarandi ljós vinstra megin á eftirvagni: Afturljós, stöðuljós, breiddarljós og ljós fyrir skráningarmerki.
3. Stefnuljós vinstra megin.
4. Hemlaljós.
5. Stefnuljós hægra megin.
6. Eftirfarandi ljós hægra megin á eftirvagni: Afturljós, stöðuljós, breiddarljós og ljós fyrir skráningarmerki.
7. Þokuafturljós.


c. Tengi skv. DIN staðli V 72570 fyrir 12 volta rafkerfi eftirvagns:



Mynd 19.3

1. Stefnuljós vinstra megin.
2. Þokuafturljós.
3. Jörð fyrir tengingar 1 - 8.
4. Stefnuljós hægra megin.
5. Eftirfarandi ljós hægra megin á eftirvagni: Afturljós, stöðuljós, breiddarljós og ljós fyrir skráningarmerki.
6. Hemlaljós.
7. Eftirfarandi ljós vinstra megin á eftirvagni: Afturljós, stöðuljós, breiddarljós og ljós fyrir skráningarmerki.
8. Bakkljós.
9. Straumur frá rafkerfi bifreiðar.
10. Hleðslulögn fyrir rafgeymi eftirvagns.
11. Óráðstafað.
12. Óráðstafað.
13. Jörð fyrir tengingar 9 - 12.

d Tengiskv. ISO staðli 12098-1994 (E) fyrir 24 volta rafkerfi eftirvagns:



Mynd 19.4

1. Stefnuljós vinstra megin.
2. Stefnuljós hægra megin.
3. Þokuafturljós.
4. Jörð.
5. Eftirfarandi ljós vinstra megin á eftirvagni: Afturljós, stöðuljós, breiddarljós og ljós fyrir skráningarmarki.
6. Eftirfarandi ljós hægra megin á eftirvagni: Afturljós, stöðuljós, breiddarljós og ljós fyrir skráningarmarki.
7. Hemlaljós.
8. Bakkljós.
9. Straumur frá rafkerfi bifreiðar.
10. Óráðstafað.
11. Óráðstafað.
12. Óráðstafað.
13. Jörð fyrir 14 og 15.
14. Óráðstafað.
15. Óráðstafað.

19.50 Eftirvagn.

- (1) Á eftirvagni sem notaður er í almennri umferð skal vera kapall með staðlaðri gerð af tengikló í samræmi við raftengi dráttartækis.

9.1.1.3 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

06.14 Vörubifreið.

- (2) Vörubifreið II sem hefur tengibúnað fyrir eftirvagn III og IV skal hafa viðvörunarljós og raftengi fyrir hemlalæsivarnarbúnað eftirvagns skv. ISO staðli nr. 7638.

06.50 Eftirvagn.

- (14) Eftirvagn sem búinn er hemlum með læsivörn og tengdur er bifreið sem hefur slíkan búnað skal fá rafstraum til hemlalæsivarnar frá raftengi sem staðlað er skv. ISO 7638.
- (15) Ef eftirvagn er búinn hemlum með læsivörn sem fær rafstraum frá tengingu hemlaljósers skal hann hafa grænt viðvörunarljós sem sést innan speglunarsviðs baksýnispegils. Ljósíð skal kvikna ef straumrás í hemlalæsivörn rofnar eða skynjari verður óvirkur.
- (16) Hemlabúnaður eftirvagns og virkni hans telst vera fullnægjandi ef viðkomandi ákvæði EBE tilskipunar nr 71/320 með síðari breytingum eru uppfyllt.
- (17) Gildistaka: Ákvæði liðar 06.50 (15) gildir einnig um eftirvagn sem skráður er fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

9.1.2 Túlkanir og athugasemdir

9.1.2.1 Varðar tengibúnað

Tengibúnaður vélknúins ökutækis skal skráður í ökutækjaskrá að undangenginni úttekt skoðunarstofu. Þyngdir hemlaðs- og óhemlaðs eftirvagns eða tengitækis sem heimilt er að tengja við ökutækið skulu skráðar í ökutækjaskrá (ef þær vantar) skv. fyrirmælum framleiðanda ökutækisins eða tengibúnaðarins. Ef fyrirmæli framleiðanda ökutækisins eða tengibúnaðarins eru ekki þekkt, skal sú þyngd sem framleiðandi tengibúnaðarins gefur upp skráð í reitinn fyrir heimila þyngd hemlaðs eftirvagns.

Á tengibúnaði bifreiða skal vera merking um framleiðanda og mestu leyfðu heildarþyngd sem tengja má við tengibúnaðinn. Heimilt er að leyfa tengibúnað sem er án merkinga, sem festur hefur verið við bifreið fyrir 01.07.91, en sá tengibúnaður skal samt sem áður að öðru leyti vera háður samþykki skoðunarstofu og skráður í ökutækjaskrá (ekki þarf að skrá heimila þyngd eftirvagns).

Á sumum gerðum tengibúnaðar eru ekki merkingar um mestu leyfða þyngd sem tengja má við tengibúnaðinn, heldur gefið upp D-gildi. D-gildi er reiknað út frá leyfðum heildarþyngdum bíls og eftirvagns. Til að finna leyfða þyngd eftirvagnsins út frá D- gildi þarf að reikna það út frá eftirfarandi formúlu.

$$V = (B \times D) / (B - D)$$

V= Leyfð þyngd eftirvagns.

B= Heildarþyngd bifreiðar.

D= D- gildi.

Passa verður að einingar talnanna séu þær sömu sem settar eru inn í formúluna. Best er að hafa B í kg. og D í DaN. D- gildið er venjulega gefið í Kn og því er breytt í DaN með því að margfalda það með 100. Ef það er gefið upp í N þarf að deila með 10.

Ef bíleigandi óskar þess að fá að nota dráttarkúlu sem dráttarbúnað en ekki tengibúnað er ekkert því til fyrirstöðu svo framarlega sem kúlunni er breytt þannig að ekki sé hægt að setja hanska á hana.

Leyfilegar tegundir tengibúnaðar bifreiða:

Kúlutengi:

- (a) Kúla með 50 mm þvermáli og skv. ISO staðli 1103:1976.

Boltatengi:

- (a) 40 mm bolti og skv. ISO8755:1986.
- (b) 50 mm bolti og skv. ISO1102:1986 eða ECE reg. nr. 55.
- (c) 57 mm bolti skv. eldri reglum.

Stóltengi:


- (a) Stóll með læsingu fyrir 50,8 mm (2") tengipinna. Tengipinninn skal vera skv. 94/20/EEC eða ISO337:1981, en stóllinn má vera framleiddur í samræmi við 94/20/EEC og festur með festingum sem eru skv. ISO3842:1982.
- (b) Stóll með læsingu fyrir 88,9 mm (3 ½") tengipinna. Tengipinninn skal vera skv. ISO4086:1982, en stóllinn má vera framleiddur í samræmi við 94/20/EEC og festur með festingum sem eru skv. ISO3842:1982.

9.1.2.2 Varðar raftengi á bifreiðum, bifhjólum og eftirvögnum.

Ef bifreið og eftirvagn sem skráð er fyrir 1. júlí 1990 er búin raftengi þarf spenna þess ekki að vera í samræmi við rafspennuna sem það er gert fyrir.

Raftengi bifhjóla skulu lúta sömu skilyrðum og raftengi bifreiða að þökuafturljósi undanskildu.


Algengt er að notuð séu tvö raftengi fyrir 24 volta spennu á bifreiðar og eftirvagna, eitt 15 póla (ISO 12098) eða tvö 7 póla (ISO 1185 24 N og ISO 3731 24 S)



ISO 1185 24 N

Tenging

1	Jörð	2	V aftur- hliðar og númersljós	3	V stefnuljós
4	Hemlajós	5	H stefnuljós	6	H aftur- hliðar og númersljós
7	Ónotað				



ISO 3731 24 S

Tenging

1	Jörð	2	Ekki notað	3	Bakkljós
4	Straumur frá rafkerfi bifreiðar	5	Ekki notað	6	Straumumur frá straumlás bifreiðar
7	Þokuafturljós				

9.1.2.3 Merkingar á tengibúnaði

Á tengibúnaði bifreiðar skal vera greinileg og varanleg merking um framleiðanda og mestu leyfða heildarþyngd eftirvagns sem tengja má við tengibúnaðinn.

Framleiðandi tengibúnaðar skal merkja framleiðslu sína í samræmi við þol búnaðarins og geta einstakir hlutar tengibúnaðar haft mismunandi álagsþol. Þegar um slíka samsetningu er að ræða skulu allar einingarnar merktar. Bolta- og stóltengi eru gjarnan skrúfuð eða boltuð saman og mynda þannig eina heild. Ef ein merking er á búnaðinum túlkast hún fyrir allt tengið.

Þær upplýsingar sem skulu koma fram á merkingu hlutar samanstanda af eftirfarandi þremur liðum:

- (1) Nafni framleiðanda (vörumerki, framleiðslumerki eða samsvarandi).
- (2) Gerð (og útfærslu ef við á).
- (3) Burðarþolstólum (a.m.k. mesta leyfða heildarþyngd eftirvagns).

Merkinguna má útfæra á tvennan hátt:

- (a) Með notkun spjalds og stansaðra stafa á hlut. Allar upplýsingarnar þurfa að koma fram á spjaldinu, en nægilegt er að aðeins gerðin sé stönsuð í hlutinn. Spjaldið skal vel fest (hnoðað, skrúfað eða límt).
- (b) Eingöngu stansaðir stafir á hlut. Nauðsynlegt að allar upplýsingarnar séu stansaðar á hlutinn.

Allar merkingar skulu vera varanlegar og vel læsilegar. Æskilegt er að hæð stansaðra stafa sé ekki minni en 8 mm, þó aldrei minni en 6 mm.

9.1.2.4 Leyfilegar tegundir tengibúnaðar eftir ökutækjaflokkum

Við bifreið og bifhjól má aðeins tengja einn eftirvagn eða tengitæki. Ökutæki mega hafa eftirfarandi gerðir tengibúnaðar (og aðrar ekki):

Kúlutengi: Bifreið og bifhjól (bifreið má hafa önnur tengi að auki). Fyrir eftirvagn I, II og tengitæki með leyfða heildarþyngd 3.500 kg eða minna.

Boltatengi: Bifreið sem gerð er til þess að draga tengi- eða hengivagn sem er yfir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, önnur en fólksbifreið sem er að leyfðri heildarþyngd 3.500 kg eða minna. Eftirvagn III og IV sem er tengi- eða hengivagn yfir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd.

Stóltengi: Bifreið, önnur en fólksbifreið að leyfðri heildarþyngd 3.500 kg eða minna. Festivagn.

9.1.3 Verklýsingar

9.1.3.1 Festing röng eða skemmd

Athugun á festingum á dráttarbeisli eða dráttarstóli fer venjulega fram með því að rugga til hemluðum eftirvagni með dráttarbifreiðinni. Einnig er mögulegt að nota spennijárn.

9.1.3.2 Slit utan leyfilegra marka

Vikmál eru notuð til að meta slit í tengibúnaði. Til að meta slit í tengibúnaði eftirvagns er vagninn aftengdur.

9.1.3.3 Tengibúnaður ranglega staðsettur

Ekki staðsettur skv. fyrirmælum framleiðanda. Mæling með málbandi. Að auki gildir eftirfarandi:

Kúlutengi

Fjarlægð að yfirbyggingu bifreiðar - fjarlægðin frá ytri brún kúlu að nálægasta hluta yfirbyggingar er mæld.

Lárétt miðlína - á bifreið er fjarlægðin frá miðri kúlu að ytri brúnum afturljósá borin saman, á eftirvagni/tengitæki er fjarlægðin frá miðlinu hanska að ytri brúnum ökutækisins borin saman.

Boltatengi

Fjarlægð að yfirbyggingu/grind bifreiðar - fjarlægð frá ytri brúnum tengis að nálægasta hluta yfirbyggingar/grindar mæld.

Fjarlægð handfangs að yfirbyggingu/grind bifreiðar - tengið sjálft og handfang þess sett í óhagstæðustu stöðu og lóðrétt fjarlægðin frá handfanginu mæld í þann hluta yfirbyggingar/grindar sem næst er, endurtekið fyrir mælingu á láréttri fjarlægð.

Lárétt miðlína - á bifreið er fjarlægðin frá miðlínu bolta að ytri brún grindar borin saman, á eftirvagni/tengitæki er fjarlægðin frá miðlínu dráttarauga að ytri brúnum ökutækisins borin saman (stýrður ás skal stefna beint fram).

Lóðrétt hæð - við eiginþyngd bifreiðar er hæð frá jörðu upp í miðjan bolta mæld, við eiginþyngd eftirvagns/tengitækis er hæð frá jörðu upp í mitt dráttarauga mæld þegar eftirvagn stendur láréttur.

Lárétt fjarlægð að öftustu brún - fjarlægð milli miðju boltans og öftustu brúnar ökutækisins mæld.

Stóltengi

Lárétt miðlína - á bifreið er fjarlægðin frá miðlínu stóls að ytri brún grindar borin saman, á festivagni er fjarlægðin frá miðlínu tengipinna að ytri brúnum festivagnsins borin saman.

9.1.3.4 Tengibúnaður skyggir á skráningarkerki

Sjónskoðun gegnum miðlínu ökutækis úr $5 \pm 0,5$ metra fjarlægð aftan við ökutæki. Hæð sjónlínu $1,2 \pm 0,1$ metrar.

9.1.3.5 Loftúttak

Tengja skal prufutengi við tengi fyrir stýriþrýsting (yfirlétt vinstra megin á bifreið) og athuga hvort þrýstingur komi fram á mæli þegar stigið er á hemla bifreiðarinnar. Á sumum gerðum bifreiða getur reynst nauðsynlegt að setja einnig tengi með lokuðum enda við hleðsluoftsúrtakið til að fá þrýsting á tengið fyrir stýriþrýsting.

9.1.3.6 Ljós og rofi fyrir færnanlegan tengistól

Rofi prófaður með því að ýta á hann. Rofinn á að ganga til baka þegar honum er sleppt. Ljós prófað um leið og læsing er prófuð (á að gefa til kynna í hvaða stöðu læsingin er. Þ.e. læst eða ólæst). Læsing stóls prófuð með því að halda rofanum inni, færa stólinn úr læsingu (sé engin vagn í stólnum er hann færður til með handafli, sé vagn í stólnum er honum hemlað með stöðuhemli og bílinn færður aðeins til), rofanum er þá sleppt og stólnum aftur ýtt í læsinguna. Stóllinn ætti þá að læsast aftur og ljósið að sýna viðeigandi stöðu.

9.1.4 Skilgreiningar á dæmingum

9.1.4.1 Festing tengibúnaðar við ökutæki

Kúlutengi

Almennt eru prófilar (rör, skúffur, vinklar, ferkantar) sterkara heldur en flatjárn, stangir, plötur og annað álíka. Prófila skal því nota í þá hluta festigrindarinnar sem verða fyrir mestu álagi, s.s. þver- og langbita. Plötur eða flatjárn eru notuð í styrkingar við samskeyti bita, einnig sem festiplötur með boltagötum sem soðnar eru við bitaendana. Festigrind sem byggð er upp af þunnu flatjárnri sem kúlan festist í er ekki samþykkt.

Skyndilegar formbreytingar eru hættulegar gagnvart sprungumyndunum. Þetta geta verið breytingar í efnisþykktum, raufar, skörð o.fl. Biti í festigrind sem búið er að veikja með því að brenna hluta hans í burtu (t.d. fyrir þúströrið eða annað álíka) er ekki samþykkt.

Festigrind skal bolta við bifreið með boltum með lágmarks styrk 8.8. Rær á boltum skulu ekki geta losnað af sjálfu sér. Boltagöt á festigrind skulu vera hringlaga og henta boltunum sem notuð eru. Þó er leyfilegt að þverstæð aflöng göt séu fyrir bolta sem skráfast lóðrétt upp eða niður í bifreiðina og er mesta leyfilega lengd slíkra gata 20 mm.

Ekki er leyfilegt að sjóða festigrind við bifreið nema með samþykki framleiðanda bifreiðarinnar. Suður eru mismunandi góðar og sérstaklega varasamar þegar mismunandi efnismiklir hlutar eru soðnir saman, þá hentar oft ekki sama suðuáferðin báðum hlutumum.

Boltatengi

Boltatengi skal festa á ökutæki á þann hátt að notkun þess sé auðveld og örugg. Til viðbótar við þær aðgerðir að opna (og loka ef slíkt er notað) er einnig átt við athugun á stöðu boltans í tenginu (með sjónskoðun og átaki).

Stjórnandi tengisins má ekki vera í hættu við stjórnun tengisins, t.d. vegna skarpra brúna, horna o.fl., og skal hönnun á umhverfi tengisins taka mið af því. Ekkert má hindra stjórnanda tengisins í að víkja sér snögglega frá til beggja hliða. Hverskonar undirvörn má ekki hindra stjórnanda tengisins í að koma sér hæfilega fyrir við vinnu sína.

Stóltengi

Stóllinn skal hafa a.m.k. 8 göt með 17 mm þvermáli (eða stærri) sem eru samhverf um lengdar- og þverás stólsins. Þó er leyfilegt að hafa aflöng þverstæð göt. Boltar sem festa stóllinn skulu vera a.m.k. af stærðinni M16, af lágmarks styrk 8.8 og skulu þeir henta götunum. Boltunum skal ætíð komið fyrir samhverft um lengdar- og þverás stólsins. Stóllinn skal bolta við festiplötu eða -grind með a.m.k. 8 boltum ef stóllinn er fyrir 50,8 mm (2") tengipinna, en a.m.k. 12 boltum ef stóllinn er fyrir 88,9 mm (3 1/2") tengipinna.

Stól má ekki festa á grind vörubifreiðar nema samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.

9.1.4.2 Slit utan leyfilegra marka**Kúlutengi****a) Kúla**

Lágmarksþvermál kúlu er 49 mm.

Ekki þarf að gera athugasemdir við rispúr og spor í tengibúnaði eftir hnjask af völdum vagns

b) Tengihanski

Hámarksþvermál tengihanska er 50 mm.

Boltatengi**a) Bolti**

Lágmarksþvermál brjóstsins á bolta boltatengis er eftirfarandi:

36,5 mm fyrir 40 mm bolta

46,0 mm fyrir 50 mm bolta

55,0 mm fyrir 57 mm bolta

Yfirleitt slitnar kúla boltatengis niður fyrir lágmark áður en neðri fóðring boltatengisins slitnar meira en leyfilegt er.

Áslægt hámarksslag dráttarauga í boltatengi (upp og niður) er 6 mm.

Ekki þarf að gera athugasemdir við rispúr og spor í tengibúnaði eftir hnjask af völdum vagns

b) Dráttarauga

Hámarksþvermál auga:

41,5 mm fyrir 40 mm dráttarauga

52,5 mm fyrir 50 mm dráttarauga

59,5 mm fyrir 57 mm dráttarauga

Festing slithrings: Slithringur skal sitja fastur og vera vel festur, þ.e. valsaður, pressaður eða soðinn. Um suðu gildir eftirfarandi sem viðmiðun:

– heill slithringur: Suða á afturbrún 10-15 mm

– raufaður hringur: Suða á fram- og afturbrún 8-10 mm

Stóltengi**a) Stóll LS**

Heildarhlaup milli tengipinna og tengiklóar má ekki vera meira en 5 mm (sjónskoðun). Að öllu jöfnu má ekki koma fram neitt hlaup í dráttarstólum sem hafa sjálfvirka stillingu til þess að veга upp á móti slíti.

b) Tengipinni

Lágmarksþvermál tengipinna:	<i>Brjóst</i>	<i>Mitti</i>	
50,8 mm (2")		71 mm	49 mm
88,9 mm (3 1/2")		112 mm	86 mm

Ekki þarf að gera athugasemdir við rispúr og spor í tengibúnaði eða plötu eftir hnjask af völdum vagns.

Lengd tengipinna:

50,8 mm (2")	82,5 – 84 mm
88,9 mm (3 1/2")	70 – 71,5 mm

9.1.4.3 Tengibúnaður ranglega staðsettur

Mæling með málbandi (sjá verklýsingu 9.1.3.3). Staðsetning skal vera sem hér segir:

Kúlutengi

Fjarlægð að yfirbyggingu bifreiðar - dæmt ef fjarlægðin er < 30 mm eða > 100 mm að kúlu.

Lárétt miðlína - dæmt ef kúla er > 20 mm frá miðlínu bifreiðar, dæmt ef hanski er > 30 mm frá miðlínu eftirvagns/tengitækis.

Boltatengi

Fjarlægð að yfirbyggingu/grind bifreiðar - dæmt ef fjarlægðin er < 10 mm (hvernig sem því er snúið og staða þess er).

Fjarlægð handfangs frá yfirbyggingu/grind bifreiðar - dæmt ef lóðrétt fjarlægðin er < 60 mm og ef lárétt fjarlægðin er < 100 mm.

Lárétt miðlína - dæmt ef bolti er > 30 mm frá miðlínu bifreiðar, dæmt ef dráttarauga er > 30 mm frá miðlínu eftirvagns/tengitækis.

Lóðrétt hæð - dæmt ef hæðin er utan 900 ± 100 mm markanna.

Lárétt fjarlægð að öftustu brún - dæmt ef fjarlægðin er > 420 mm, þó er leyfilegt að fjarlægðin sé meiri ef eitthvert eftirfarandi tilfella kemur upp (að því gefnu að auðveld og örugg notkun boltatengisins sé enn til staðar):

1. fjarlægð allt að 650 mm er leyfileg ef yfirbygging er hallandi að aftan eða búnaður er festur aftan á ökutækið,
2. fjarlægð allt að 1320 mm er leyfileg ef hindrunarlaus hæð frá jörðu er a.m.k. 1150 mm,

Stóltengi


Lárétt miðlína - dæmt ef stóll er > 30 mm frá miðlínu bifreiðar, dæmt ef pinni er > 30 mm frá miðlínu festivagns.

9.1.5 Upplýsingar


9.1.5.1 Myndir af tengibúnaði

Neðangreindar myndir eru af leyfilegum gerðum tengibúnaðar.


Kúlutengi



Stóltengi



Boltatengi



9.2 RAFKERFI

9.2.1 Reglugerðarákvæði

9.2.1.1 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

19.00 Almenn ákvæði.

- (1) Rafkerfi skal vera hannað til að flytja þann straum sem því er ætlað. Leiðslur skulu vera vel einangraðar og þannig fyrir komið að þær verði ekki fyrir hnjaski, of miklum hita eða tæringu við eðlilega notkun ökutækis.

Þar sem rafleiðsla er lögð í gegnum gat í plötu úr leiðandi efni skal hlífðarkragi vera í gatinu.

- (2) Rafgeymir skal vera tryggilega festur og byrgður eða honum þannig fyrir komið að ekki sé hættá á skammhlaupi geymisins við eðlilega notkun ökutækis.
- (3) Í rafkerfi ökutækis skulu vera bræðivör eða útsláttarvör þannig að hættá á bruna ökutækis vegna skammhlaups í rafkerfi sé takmörkuð.

Við ísetningu aukarafbúnaðar skal viðkomandi straumrás varin á áður nefndan hátt.

19.10 Bifreið.

- (1) Bifreið skal búin rafgeymi þannig að kveikja megi á ljósabúnaði án þess að hreyfill ökutækis sé í gangi.
- (2) Frá kveikjakerfi bifreiðar skulu ekki stafa ónauðsynlegar rafsegulbylgjur sem valdið geta truflunum á fjarskiptum (útvarpi, sjónvarpi o.þ.h.).

Útgeislunarorka (sviðsstyrkur) frá rafkveikju má mest vera 50 míkróvolt á metra á tíðnisviðinu 40-75 megarið en línulega vaxandi upp í 120 míkróvolt á metra á tíðnisviðinu 75-250 megarið.

19.12 Hópbifreið.

- (2) Sérhver grein rafkerfis, nema greinar fyrir ræsi, kveikju, glóðarkerti, stöðvunarbúnað hreyfils, hleðslukerfi og rafgeymi, skal varin með bræðivari eða útsláttarvari.
Greinar þar sem samanlögð straumnotkun fer ekki yfir 16 amper má verja með sameiginlegu vari.
- (3) Fyrir innljós í hópbifreið II skulu vera a.m.k. tvær greinar óháðar hvor annarri. Grein fyrir inn- og útgönguljós má líta á sem aðra greinina.
- (4) Rafgeymarými skal vera aðskilið frá fólksrými og loftræst út fyrir ökutækið.

19.50 Eftirvagn.

- (1) Á eftirvagni sem notaður er í almennri umferð skal vera kapall með staðlaðri gerð af tengikló í samræmi við raftengi dráttartækis.

9.2.2 Túlkanir og athugasemdir

Engar.

9.2.3 Verklýsingar

Engar.

9.2.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunatriðahluta Skoðunarhandbókar.

9.3 MERKINGAR

9.3.1 Reglugerðarákvæði

Skráningarmerki

9.3.1.1 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

04.00 Almenn ákvæði.

- (1) Á ökutæki skal á viðeigandi stað vera nægilega stór flötur fyrir þá gerð skráningarmerkis sem ætlað er á ökutækið. Flöturinn skal vera sem næst hornréttur á lengdarás ökutækisins og þannig að tölur og stafir á skráningarmerki standi nokkurn veginn lóðrétt. Neðri hluti flatarins skal að jafnaði vera 0,3 m til 1,2 m yfir akbraut.

04.10 Bifreið.

- (1) Flötur fyrir aftanvert skráningarmerki bifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/222.

04.20 Bifhjól

- (1) Flötur fyrir aftanvert skráningarmerki bifhjóls telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/94 eru uppfyllt.

04.50 Eftirvagn.

- (1) Aftan á eftirvagni sem ætlaður er til aksturs á opinberum vegum en hannaður fyrir minni hraða en almennar hraðatakmarkanir segja til um, skal vera merki sem sýnir leyfðan hámarkshraða vagnsins. Merkið skal vera hringlaga með 200 mm þvermáli og svartri umgjörð. Tölustafir skulu vera svartir, 120 mm háir. Leturgerðin skal vera blokkskrift.
- (2) Flötur fyrir skráningarmerki eftirvagns telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 70/222.

9.3.1.2 Reglugerð um skráningu ökutækja nr. 751/2003

Skráningarmerki:

17. gr. Skráð ökutæki skal merkt með skráningarmerki sem Samgöngustofa lætur í té. Stafir á merkinu skulu vera þeir sömu og eru í fastanúmeri ökutækisins, sbr. þó 25.-27. gr. og 29.-31. gr.

Ökutæki, sem bera sömu stafi á skráningarmerki og eru í fastanúmeri, skulu merkt með sama skráningarmerki meðan þau eru í sama skráningarflokki í ökutækjaskrá. Breytist forsendur skráningar þannig að ökutæki sé flutt milli skráningarflokka, skal skipta um skráningarmerki á því.

Gerð skráningarmerkja.

18. gr Skráningarmerki skal vera úr a.m.k. 1,0 mm þykku áli.

Litur: Grunnur skráningarmerkis skal vera hvítur með endurskini og stöfunum ÍS í vatnsmerki. Rönd á brúnum, stafir og bandstrik skulu vera blá. Frávik frá þessari litasamsetningu eru skv. 2. mgr. 19. gr., 1. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 22. gr.

Stærð:

A: 520 x 110 mm, hæð stafa 70 mm og breidd stafleggja 11 mm.

B: 280 x 200 mm, hæð stafa 70 mm og breidd stafleggja 11 mm.

C: 240 x 130 mm, hæð stafa 49 mm og breidd stafleggja 7 mm.

D: 305 x 155 mm, hæð stafa 61 mm og breidd stafleggja 9 mm.

Áletrun:

Skráningarmerki af gerð A skulu hafa áletrun í einni röð. Skráningarmerki af gerð B, C og D skulu hafa áletrun í tveim röðum, tvo bókstafi og bandstrik í þeirri efri og eftir atvikum, sbr. 4. gr., bókstaf og tölustafi eða tölustafi í þeirri neðri.

Upplyftir fletir:

Stafir, bandstrik þar sem það á við, rönd á brúnum, svo og flötur fyrir skoðunarmiða þeirra ökutækja sem færa skal til almennrar skoðunar, skulu vera upplýft.

Flötur fyrir skoðunarmiða - skoðunarmiði:

Flötur fyrir skoðunarmiða skal vera aftan við bókstafi nema á skráningarmerkjum af gerð B þar sem flöturinn skal vera framan við tölustafi. Samgöngustofa setur nánari verklagsreglur um skoðunarmiða og gerð hans.

Þjóðarmerki:

Framan við bókstafi á skráningarmerkjum af gerð A, B og D skal áprentað þjóðarmerki á hvítum grunni sem skal vera 95 mm á hæð og 50 mm á breidd. Íslenski fáninn, 30 x 42 mm, skal vera á efri hluta merkisins en stafirnir IS, svartir að lit, á neðri hlutanum. Hæð stafanna skal vera 27 mm. Sjá 28. gr. um þjóðarmerki á eldri gerð merkja. Þjóðarmerki skal ekki vera á skráningarmerkjum bifreiða sem tilgreindar eru í 2. mgr. 19. gr. Í stað þess skal vera tígullaga flötur.

19. gr. Skráningarmerki á bifreið.

Bifreið skal merkt að framan og aftan með skráningarmerkjum af gerð A. Nota má skráningarmerki af gerð B, henti ekki merki af gerð A og merki af gerð D ef merkjum af gerð A og B verður ekki með góðu móti komið fyrir.

Frávik frá 1. mgr. varðandi lit á skráningarmerki:

Á skráningarmerkjum bifreiðar, sem lýtur reglum um innskatt vegna virðisaukaskatts, sbr. reglugerð um innskatt nr. 192/1993 með síðari breytingum, skulu brúnir, stafir, bandstrik og tígullaga flöturinn vera rauð.

Á skráningarmerkjum sérbyggðrar keppnisbifreiðar til rallaksturs, sem hefur verið undanþegin álagningu vörugjalds, sbr. reglugerð um vörugjald af ökutækjum, námuökutæki og beltabifreiðar, skulu brúnir, stafir, bandstrik og tígullaga flöturinn vera græn.

Á skráningarmerkjum bifreiðar sem ætluð er til sérstakra nota, sbr. 6. og 7. tölulið 1. mgr. 4. gr. laga um olúgjald og kílómetragjald o.fl. nr 87/2004, sbr. Lög nr. 136/2005, og er undanþegin gjaldskildu vegna olúgjalds, skal grunnur vera dökkgulur en brúnir, stafir, bandstrik og tígullaga flötur vera svört.

20. gr. Skráningarmerki á bifhjóli.

Bifhjól skal merkt að aftan með skráningarmerki af gerð C. Á léttu bifhjóli skal grunnur merkisins þó vera blár en rönd á brúnum, stafir og bandstrik hvít.

21. gr. Skráningarmerki á dráttarvél.

Dráttarvél skal merkt að aftan með skráningarmerki af gerð C en að framan ef merkinu verður ekki með góðu móti komið fyrir að aftan. Nota má merki af gerð A ef dráttarvél er hönnuð þannig að merki af gerð C verði ekki með góðu móti komið fyrir.

22. gr. Skráningarmerki á torfærutæki.

Torfærutæki skal merkt að aftan með skráningarmerki af gerð C með því frávik að grunnur skráningarmerkisins skal vera rauður og rönd á brúnum, stafir og bandstrik hvít. Merkið má vera að framan eða á hlið ef því verður ekki með góðu móti komið fyrir að aftan.

23. gr. Skráningarmerki á eftirvagni eða skráðu tengitæki.

Skráður eftirvagn og skráð tengitæki skal merkt að aftan með skráningarmerki af gerð A. Verði því ekki með góðu móti komið fyrir, skal nota skráningarmerki af gerð B eða D.

24. gr. Skráningarmerki fyrir óskráð ökutæki sem bifreið dregur.

Dragi bifreið, sem á er skráður tengibúnaður, ökutæki, sem ekki er skráningarskylt og skyggir á skráningarmerki bifreiðarinnar, skal merkja það að aftan með skráningarmerki af gerð A, B eða D með því frávik að merkið skal vera án litaðra, upplýfra brúna og án upplýfts flatar fyrir skoðunarmiða. Skráningarmerkið skal vera með sömu áletrun og sama lit og skráningarmerki bifreiðarinnar.

- 24, gr. a Skráningarmerki fyrir ökutæki sem nær eingöngu er notað utan vegar eða á vegi þar sem almenn umferð er bönnuð.

Á skráningarmerkjum bifreiðar, dráttarvélar og eftirvagns, sem eingöngu eða nær eingöngu er notuð utan vegar eða á vegi þar sem almenn umferð er bönnuð, skal grunnur vera hvítur en stafir, brúnir og bandstrik græn að lit.

Skráningarmerki á ökutæki, sbr. 1. mgr. Eru eftirfarandi, sbr. 1. mgr. 19. gr.:

- a. Bifreið skal merkt samkvæmt 1. mgr. 19. gr.
- b. Dráttarvél skal merkt samkvæmt 21. gr.
- c. Eftirvagn skal merktur samkvæmt 23. gr.

25. gr. Ökutæki erlendra sendiráða.

Ökutæki erlendra sendiráða og einnig erlendra sendiráðsmanna, maka þeirra og barna, sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar og eiga ekki lögheimili hér á landi, skulu vera merkt með skráningarmerki samkvæmt 18. gr. með eftirgreindum frávikum:

Ekki skal vera þjóðarmerki.

Grunnur skal vera grænn en stafir og rönd á brúnum hvít.

Á merkinu skulu vera bókstafirnir CD og aftan við þá bókstafur og tveir tölustafir, sbr. nánar verklagsreglur Samgöngustofu.

26. gr. Einkamerki.

Að ósk eiganda (umráðamanns) bifreiðar eða bifhjóls er heimilt að veita honum rétt gegn sérstöku gjaldi, sbr. 64. gr. a umferðarlaga, til að velja bókstafi og tölustafi á skráningarmerki (einkamerki) ökutækisins sem komi í stað fastanúmer, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Einkamerki skal þó ekki vera á bifreiðum sem tilgreindar eru í 2. mgr. 19. gr.

Gerð einkamerkis skal vera samkvæmt 18. gr. með eftirgreindum frávikum:

- a. Áletrun einkamerkis skal vera 2–6 stórir íslenskir bókstafir eða tölustafir að vali eiganda (umráðamanns) ökutækisins. Á einkamerki má þó hvorki vera áletrun sem í eru tveir bókstafir og þrjú tölustafir eða þrjú bókstafir og tveir tölustafir né sama áletrun og er á skráningarmerki af eldri gerð í notkun.
- b. Þjóðarmerki skal ekki vera á einkamerki.
- c. Áletrun einkamerkis má hvorki brjóta í bága við íslenskt málfar né vera líkleg til að valda hneykslun.
- d. Á einkamerki af gerð B, C og D má fjöldi stafa, þrátt fyrir ákvæði í 4. mgr. 18. gr., vera eins og fyrir verður komið með góðu móti.
- e. Áletrun skráningarmerkis má ekki vera svo lík áletrun annars skráningarmerkis, sem þegar er í notkun að valdið geti ruglingi.

Samgöngustofa kveður nánar á um áletrun einkamerkis í verklagsreglum.

Eftirfarandi reglur gilda um réttinn til þess að nota einkamerki:

- a. Sá sem hefur rétt til að nota einkamerki, skal vera skráður eigandi eða umráðamaður viðkomandi bifreiðar eða bifhjóls.
- b. Við úthlutun einkamerkis skal farið eftir röð, þannig að sá sem fyrst sækir um tiltekna áletrun hlýtur réttinn.
- c. Réttur til að nota einkamerki með tiltekinni áletrun á ökutæki gildir í átta ár.

Réttinn má endurnýja enda sé sótt um það áður en gildistíminn rennur út en þó ekki fyrr en þrem mánuðum áður. Fyrir endurnýjun skal greiða sérstakt gjald, sbr. 1. mgr. nema umsækjandi sé orðinn 65 ára

- d. Heimilt er að beiðni eiganda (umráðamanns) að skrá (flytja) einkamerki yfir á annað ökutæki í hans eigu.
- e. Sé rétti til einkamerkis afsalað áður en 8 ára gildistíminn rennur út, skal skila einkamerkjunum, sbr. 16. gr. Má þá úthluta einkamerkinu á ný gegn sérstöku gjaldi, sbr. 1. mgr.
27. gr. Reynslumerki.
Reynslumerki ökutækja skal vera samkvæmt 18. gr. með eftirgreindum frávikum:
- án þjóðarmerkis,
 - með rauðan grunn,
 - með svarta rönd á brúnum og svarta stafi
 - með bókstafina RN, og aftan við þá tölustafi geta verið 0,75 mm þykkar segulmottur, án upplýftra flata
- Ökutæki sem er merkt með reynslumerki skal fylgja skrifleg heimild Samgöngustofu eða þess sem hefur umboð hennar þar sem tilgreind eru skilyrði notkunar.
- Á reynslumerki skal festa miða er sýnir leyfilegan notkunartíma merkisins og ákveður Samgöngustofa gerð miðans.
28. gr. Ökutæki skráð fyrir 1. apríl 2004.
Ökutæki, skráð frá 1. janúar 1989 til og með [31. mars 2004]¹, mega vera merkt með skráningarmerkjum af eldri gerð, samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 78/1997, í stað skráningarmerkja samkvæmt 18. gr. reglugerðar þessarar, enda séu merkin heil og vel læsileg.
- Heimild 1. mgr. er þó bundin eftirfarandi skilyrði: Á upplýftan flöt framan við bókstafi á almennu skráningarmerki af gerð A, B og D, sem ætlaður er fyrir skjaldarmerki, skal setja límmiða sem þjóðarmerki er prentað á. Límmiðinn skal vera 66 mm á hæð og 37 mm á breidd. Íslenski fáninn, 24 x 33 mm, skal vera á efri hluta þjóðarmerkisins en stafirnir IS á neðri hlutanum. Hæð stafanna skal vera 21 mm.
29. gr. Ökutæki skráð fyrir 1. janúar 1989.
Ökutæki, skráð fyrir 1. janúar 1989, mega vera merkt með skráningarmerki af eldri gerð sem heimilt var að nota á þeim tíma enda séu merkin heil og vel læsileg. Það er skilyrði að á skoðunarskyldum ökutækjum sé framrúða þar sem festa má skoðunarmiða.
- Torfærutæki má bera skráningarmerki sem það var merkt með við gildistöku reglugerðar nr. 78/1997 og til 31. desember 2007.
30. gr. Fornbifreiðir og fornbifhjól.
Fornbifreið og fornbifhjól, sbr. skilgreiningu um gerð og búnað ökutækja, má merkja með skráningarmerkjum af eldri gerð, sem voru notuð til og með 1988, í stað skráningarmerkja samkvæmt 18. gr. Samgöngustofa kveður í verklagsreglum á um gerð og áletrun eldri merkjanna með hliðsjón af aldri ökutækjanna og gildandi reglum á sínum tíma.
31. gr. Dráttarvélar sem eru a.m.k. 25 ára.
Dráttarvélar sem eru a.m.k. 25 ára má merkja með skráningarmerki, sem notað var á tímabilinu 1950-1988, í stað skráningarmerkja samkvæmt 18. gr. Samgöngustofa kveður í verklagsreglum á um gerð og áletrun eldri merkjanna með hliðsjón af aldri dráttarvélar og gildandi reglum á sínum tíma.
32. gr. Ökutæki embættis forseta Íslands.
Ökutæki embættis forseta Íslands mega vera auðkennd með merki forseta Íslands á hvítum fleti auk númers í stað skráningarmerkis samkvæmt 18. gr.
33. gr. Skammtímaskráningarmerki.
Heimilt er í eftirgreindum tilvikum að merkja ökutæki tímabundið áður en það er tekið í notkun, sbr. 1. og 2.. gr., með sérstöku skammtímaskráningarmerki, það er:
- skráð ökutæki sem er án skráningarmerkja,
 - forskráð sem færa skal til nýskráningar eða

- c. ökutæki sem hefur verið afskráð og færa skal til endurskráningar.

Heimildin skal bundin við tiltekið ökutæki og skal skráð á merkið hve lengi má nota það. Samgöngustofa kveður í verklagsreglum á um skilyrði þess að merkja megi ökutæki með skammtímaskráningarmerki og um gerð merkisins.

34. gr. Önnur merki.

Heimilt að auðkenna ökutæki að aftan með íslensku þjóðernismerki ef það er ekki merkt með skráningarmerki sem á er þjóðarmerki, sbr. 18. eða 28. gr.

Þjóðernismerkið skal vera sporöskjulaga, 175 mm á breidd og 115 mm á hæð, með bókstöfunum IS. Grunnur merkisins skal vera hvítur og stafir svartir, 80 mm á hæð.

Ökutæki, sem skráð er hér á landi og ekið erlendis, skal merkt annað hvort með þjóðarmerki samkvæmt 18. gr., þjóðarmerki samkvæmt 28. gr. eða að aftan með þjóðernismerki samkvæmt 1. mgr.

Notkun skráningarmerkja:

35. gr. Skráningarmerki skal komið fyrir á þar til gerðum fleti þar sem það sést vel og er tryggilega fest. Merkið skal vera í lóðréttri eða sem næst lóðréttri stöðu og hornrétt á lengdarás ökutækisins. Óheimilt er að hylja skráningarmerkið eða hluta þess með nokkrum hætti eða koma fyrir búnaði sem skyggir á það. Heimilt er þó að hafa skráningarmerkið í þar til gerðum ramma. Hylji ramminn rönd merkisins skal hann vera svartur eða hafa sama lit og stafir merkisins.

Skrúfur, sem notaðar eru til að festa skráningarmerki, má ekki setja þannig að dragi úr því að lesa megi á merkið. Haus skrúfunnar skal, ef unnt er, hulin með hettu eftir því sem við á, í sama lit og grunnur merkisins eða stafir.

Skráningarmerki skal ávallt vera sýnilegt og vel læsilegt. Skylt er að endurnýja skráningarmerki ef það verður ógreinilegt eða ónothæft. Þegar nýtt skráningarmerki er afhent í stað annars skal skila eldra merkinu, sbr. 16. gr.

Skráningarmerki og önnur merki, sem ætluð eru á ökutæki, má eigi nota með öðrum hætti en fyrir er mælt.

Óheimilt er að festa á ökutæki merki, áletranir eða önnur auðkenni ef hætta er á að villst verði á þeim og merkjum sem nota skal samkvæmt reglugerð þessari.

Óheimilt er að festa á skráningarmerki önnur merki eða áletranir en ákveðið er í reglugerð þessari.

36. gr. Glatist skráningarmerki, skal það strax tilkynnt skriflega til Samgöngustofu eða aðila í umboði hennar og nýtt skráningarmerki pantað. Finnist skráningarmerki, skal því skilað, sbr. 16. gr., svo fljótt sem við verður komið.

Ekki skal afhenda fleiri en eitt skráningarmerki í stað merkja sem glatast hafa af sama ökutæki á tveggja ára tímabili heldur skal ökutækið fá ný skráningarmerki með nýrri áletrun, sbr. 3. mgr. 4. gr. Ákvæði þetta á ekki við um einkamerki.

9.3.1.4 Reglugerð um merki á skólabifreiðum nr. 279/1989

1. gr. Á hópifreið sem notuð er til að flytja skólabörn skulu vera sérstök merki sem sýna þá notkun. Merki þessi skal einnig nota á hópifreið þótt aðrir farþegar séu jafnframt fluttir með bifreiðinni ef megintilgangur ferðar er að flytja skólabörn. Heimilt er og að nota merki þessi á aðrar bifreiðir en þó aðeins þegar skólabörn eru einu farþegar bifreiðarinnar.

Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá notkun merkis fyrir skólabifreið, ef akstursleiðir bifreiðar eru þannig að farþegum er einungis hleypt inn eða út utan alfaravegar og skólanefnd mælir með.

Þegar bifreið sem ber merki fyrir skólabifreiðir er notuð í öðru skyni skulu merkin tekin af bifreiðinni eða þau hulin eða brotin saman.

2. gr. Merki fyrir skólabifreiðir skal vera ferningur, 40-60 cm hver hlið, með gulum endurskinsgrunni og 2,5-4 cm breiðri rauðri rönd án endurskins á brúnum. Á merkinu skal vera a.m.k. 29 cm há svört tákmynd eins og á umferðarmerki A 11 (börn). Í efri hornum merkisins skal vera ljósfer fyrir rauðgult blikkandi ljós.
3. gr. Ljósflötur ljósersins skal vera hringlaga, 7-10 cm í þvermál. Ljósferið skal gefa frá sér 350-500 candela ljósstyrk mælt beint framan við ljósferið. Ljós á ljósferinu skulu kvikna og slokkna samtímis og skal blikktíðni ljósanna vera sem næst 90 leiftur á mínútu.
4. gr. Rofa fyrir blikkljós skal komið þannig fyrir að ökumaður geti auðveldlega beitt honum. Rauðgult viðvörðunarljós sem sést vel úr sæti ökumanns skal kvikna og slokkna þegar blikkljósinn eru í notkun. Viðvörðunarljósíð skal vera þannig tengt að það sýni ökumanni ef ekki kviknar á blikkljósunum.
5. gr. Þegar bifreið er notuð til að flytja skólabörn skal kveikja á blikkljósunum u.þ.b. 100 m frá viðkomustað og slökkva á þeim um leið og ekið er frá viðkomustaðnum. Í öðrum tilvikum skal vera slökkt á ljósunum.
6. gr. Á merki eða festingum þess skulu ekki vera skarpar eða útstæðar brúnir sem gætu valdið auknu tjóni í umferðaróhappi.
7. gr. Merki skal vera bæði framan og aftan á bifreið, vinstra megin við miðju bifreiðar og sem næst lóðrétt og hornrétt á miðlínu hennar. Neðri brún merkis má ekki vera neðar en 50 cm frá vegi og efri brún ekki ofar en 150 cm frá vegi.
8. gr. Merki skulu vera vel fest og þau mega hvorki hylja skráningarmerki né lögboðinn ljósabúnað.
9. gr. Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. september 1989.

9.3.1.5 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

04.10 Bifreið.

- (3) Ef uppblásanlegur öryggispúði er við framsæti fyrir farþega skal á vel sýnilegum stað við sætið vera myndmerki skv. ECE reglum nr. 94 . Þetta gildir þó ekki um sæti sem hefur búnað sem hindrar að púðinn geti blásist upp á meðan barnabílstóllinn er í sætinu.

9.3.1.6 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

04.12 Hópbifreið.

- (1) Hæfilega mörg skilti samkvæmt töflu 4.1 skulu vera þar sem við á.

	Litur texta/ tákna	Litur grunnflatar	Staðsetning
Gangið ekki yfir akbrautina fyrir en vagninn er farinn	Svartur	Hvítur/stálgrár	Við útgöngudyr hópbifreiða í undirfl. I og A
Neyðarútgangur	Rauður	Hvítur/stálgrár	Við neyðarútganga
Neyðaropnunaraðferð*	Svartur	Hvítur/stálgrár	Við neyðaropnunarbúnað
Sjúkrakassi	Hvítur eða stálgrár	Grænn	Á áberandi stað
Slökkvitæki	Hvítur/stálgrár	Rauður	Á áberandi stað
Önnur skilti	Svartur	Hvítur/stálgrár	

Texti á skiltum skal vera greinilegur og hæð bókstafa a.m.k. 5 mm. Tákn skulu vera a.m.k. 70 mm á kant.

Texti á skiltum skal vera á íslensku en má auk þess vera á erlendu máli.

Tafla 4.1

- (2) Á eða við sérstakt sæti leiðsögumans, sbr. lið 11.12 (5) b, skal vera skilti með áletruninni „Aðeins fyrir leiðsögumann” og „Tourist Guide only”.
- (3) Fyrir ofan fremstu aðaldyr skal vera hvítt eða stálgrátt skilti með svartri áletrun sem er a.m.k. 25 mm að hæð eða myndmerki sem er a.m.k. 15 mm að hæð sem gefur greinilega til kynna mesta leyfða farþegafjölda og skiptingu hans í sæti, stæði og hjólastóla. Á skiltinu skal einnig koma fram skráningarnúmer bifreiðar
- (4) Í rými ökumanns skal vera skilti sem ökumaður sér greinilega með bókstöfum eða táknmyndum, sem eru a.m.k. 10 mm á hæð, og tölustöfum, sem eru a.m.k. 12 mm á hæð, sem gefur til kynna hámarksþyngd farangurs sem flytja má með fullsetinni hóp bifreið.
- (5) Gildistaka: Ákvæði liðar 04.12 (2) gildir einnig um ökutæki sem skráð er fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

04.203 Breytt bifreið.

- (1) Í breyttri bifreið skal á áberandi stað fyrir ökumann vera skilti með eftirfarandi áletrun: „Viðvörðun! Þetta er breytt bifreið með aðra akstursegginleika en upphaflega“. Skiltin skulu gerð samkvæmt fyrirætlum Samgönguráðuneytisins en Samgöngustofa hefur umsjón með hönnun og framleiðslu þeirra.

9.3.1.7 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

22.900 Undanþága frá reglum um stærð ökutækja

- (1) Bifreið, dráttarvél og eftirvagn má, samkvæmt reglugerð þessari, vera stærri en hámarksgildi í reglugerð þessari og reglugerð um stærð og þyngd ökutækja segja til um sé ökutækið notað utan vega eða á vegi þar sem almenn umferð er bönnuð.
- (2) Smagöngustofa getur ákveðið að framan og aftan á ökutæki, sbr (1), séu merki sem sýna greinilega breidd og lengd ökutækis. Samgöngustofa ákveður gerð merkjanna.
- (3) Um akstur ökutækja, sbr. (1), á vegum og notkun þeirra þar fer eftir reglugerð um stærð og þyngd ökutækja.

9.3.2 Túlkanir og athugasemdir

9.3.2.1 Varðar merkingu fyrir framan framsæti ef þar er uppblásanlegur öryggispúði

Merkið sem um ræðir í lið 4.10 (3) lítur svona út.



9.3.2.2 Varðandi tvöfalda notkunnarflokkinn *undanþáguökutæki / sérstök not*

Á bifreið sem skráð er í tvöfalda notkunnarflokkinn *undanþáguökutæki / sérstök not* skulu vera olíumerki og að framan og aftan skulu vera merki "Þarf undanþágu vegna stærðar"



9.3.3 Verklýsingar

Skráningarmerki

9.3.3.1 Illlæsilegt

Sjónskoðun gegnum miðlínu ökutækis $5 \pm 0,5$ m framan eða aftan við ökutækið. Hæð sjónlínu $1,2 \pm 0,1$ m. eða halli meiri en 35° frá lóðréttu plani.

9.3.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunatriðahluta Skoðunarhandbókar.

9.4 VIÐVÖRUNARÞRÍHYRNINGUR

9.4.1 Reglugerðarákvæði

9.4.1.1 ~~Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004~~

24.05 Viðvörunarþríhyrningur.

- (1) Viðvörunarþríhyrningur skal vera viðurkenndur skv. ECE reglum nr. 27 eða FMVSS staðli nr. 125 og E- eða DOT-merktur.

24.10 Bifreið.

- (4) Í bifreið skal vera viðvörunarþríhyrningur.

9.4.2 Túlkanir og athugasemdir:

Engar.

9.4.3 Verklýsingar

Engar.

9.4.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunaratríðahluta Skoðunarhandbókar.

9.5 SLÖKKVITÆKI OG SJÚKRAKASSI

9.5.1 Reglugerðarákvæði

9.5.1.1 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

24.03 Slökkvitæki.

- (1) Slökkvitæki í ökutæki skal vera af viðurkenndri gerð fyrir A, B og C brunaflokka og skal vera komið fyrir í festingum sem því er ætlað.
- (2) Á slökkvitæki skulu vera leiðbeiningar á íslensku um notkun þess.
- (3) Ef áskilið slökkvitæki er dufttæki skal það vera með innan við ársgamla vottun frá viðurkenndri slökkvitækjapjónustu um að slökkvitækið sé í lagi. Ef áskilið slökkvitæki er halontæki skal þrýstingsmælir sýna eðlilegan þrýsting.
- (4) Áskilið slökkvitæki skal vera merkt skráningarnúmeri bifreiðar.

24.04 Sjúkrakassi.

- (1) Innihald áskilins sjúkrakassa skal vera skv. fyrir mælum landlæknis.
- (2) Áskilinn sjúkrakassi skal vera merktur skráningarnúmeri bifreiðar.

24.12 Hópbifreið.

- (3) Í hópbifreið í undirflokki I og A skal vera a.m.k. einn sjúkrakassi sem viðurkenndur er fyrir hópbifreið, en í hópbifreið í undirflokki II, III og B skulu þeir vera a.m.k. tveir eða einn með tvöföldu innihaldi.

Að minnsta kosti einn sjúkrakassi skal vera nálægt ökumannssæti.

- (5) Í hópbifreið A og B skulu vera eitt eða tvö slökkvitæki með slökkvimátt sem svarar til a.m.k. 4 kg dufttækis.

Í hópbifreið í undirflokki I skal vera a.m.k. eitt slökkvitæki og í hópbifreið í undirflokki II og III skulu vera a.m.k. tvö slökkvitæki með slökkvimátt sem svarar til a.m.k. 6 kg dufttækis hvert um sig.

Að minnsta kosti eitt slökkvitæki skal vera í nálægð ökumannssætis.

- (6) Gildistaka: Ákvæði liða 24.12 (3) og (5) gilda einnig um bifreið sem skráð er fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

24.203 Breytt bifreið.

- (2) Í breyttri bifreið skal vera slökkvitæki með slökkvimátt sem svarar til a.m.k. 2 kg dufttækis.
- (3) Í breyttri bifreið skal vera sjúkrakassi.
- (4) Gildistaka: Ákvæði liðar 24.203 gilda einnig um bifreið sem breytt hefur verið fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

24.209 Húsbifreið.

- (1) Í húsbifreið skal vera slökkvitæki í nálægð ökumannssætis sem svarar til a.m.k. 2 kg dufttækis.

9.5.2 Túlkanir og athugasemdir

9.5.2.1 Varðar slökkvitæki í breyttar bifreiðir og skólabifreiðir (sem ekki eru hópbifreiðir)

Samkvæmt reglum Brunamálastofnunar ríkisins eru viðurkennd handslökkvitæki skilgreind á eftirfarandi hátt:

„Handslökkvitæki á landi skulu hljóta viðurkenningu Brunamálastofnunar... Jafnframt skulu handslökkvitæki fullnægja stöðlum sem þessar stofnanir viðurkenna”.

Samkvæmt ofangreindri skilgreiningu skulu slökkvitæki í breyttri bifreið og skólabifreið (sem ekki er hópbifreið) hafa slökkvímátt sem svarar til 2 kg duftslökkvitækis af viðurkenndri gerð. **Tækið skal vera af ABC gerð (A-föst efni, B-olía og bensín, C-gas) og þar af leiðandi merkt sem slíkt.**

Í reglum Brunamálastofnunar segir einnig:

„**Dufttæki.** Tæma skal duftið úr tækinu og kanna ástand þess, a.m.k. árlega í tækjum sem staðsett eru í skipum, **bifreiðum**, vinnuvélum og annars staðar þar sem þau verða fyrir hristingi.”

9.5.2.2 Varðar innihald sjúkrakassa í hópbifreiðir, breyttar bifreiðir og skólabifreiðir

Innihald sjúkrakassa skal vera að fyrirmælum landlæknis. Samkvæmt þeim fyrirmælum skal innihald sjúkrakassa vera sem hér segir:

- verkjatöflur
- heftiplástur
- grisjuplástur
- sárabindi
- sáraböggull
- silicongrisjur (fyrir skafsár) eða sambærilegar grisjur
- saltvatn til sárahreinsunar (einnota) eða sambærilegt
- teygjubindi
- skæri

Innihald sjúkrakassa skal vera í kassa eða púða sem hægt er að loka með traustum hætti.

Sjúkrakassinn skal vera merktur skráningarnúmeri bifreiðarinnar. Innihald sjúkrakassans og merking skráningarmerkis gildir fyrir allar hópbifreiðir óháð skráningardegi þeirra.

Fyrir breyttar bifreiðir gilda þessar kröfur frá og með 1. janúar 1993. Bifreiðir sem samþykktar voru fyrir þann tíma með sjúkrakassa sem ekki uppfylla þessar kröfur, þurfa ekki að endurnýja hann.

9.5.3 Verklýsingar

Engar.

9.5.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunatriðahluta Skoðunarhandbókar.

9.6 ÖKUMÆLAR

Engar upplýsingar.

9.7 GASHYLKI, -LAGNIR OG TÆKI

9.7.1 Reglugerðarákvæði

Reglur Brunamálastofnunar.

9.7.2 Túlkanir og athugasemdir

9.7.2.1 Uppsetning gashylkja

Hámarksþyngd gashylkis er 11 kg og mega hylkin ekki vera fleiri en tvö talsins, eitt í notkun og annað til vara. Gashylki, sem tekur meira en tvö kg af gasi, skal ásamt þrýstiminnkara vera staðsett utan á ökutækinu eða í þéttu einangruðu rými inni í ökutækinu. Í slíku rými verður að vera op (a.m.k. 100 cm²) á botninum til loftræstingar og má rýmið aðeins vera aðgengilegt að utan. Gashylki eiga að standa upprétt og svo tryggilega frá þeim gengið að þau færast ekki úr stað. Rými fyrir gashylki á að vera með læsingu. Þegar gas er notað á rýmið að vera ólæst til þess að hægt sé að sknúfa fyrir gashylkið í skyndingu. Gashylki sem komið er fyrir að utanverðu skal vera í tryggilegri hæð frá akbraut og hafa læsanlega hlíf sem nær a.m.k. yfir loka og þrýstiminnkara.

9.7.2.2 Frágangur gaslagna

Gaslögn skal gerð úr kopar, koparblöndu eða stáli og vera fest með fóðruðum festingum á minna en 300 mm milibili. Gasleiðslu í gegn um vegg verður að leggja í hlífðarhulsu.

9.7.2.3 Uppsetning gastækja og loftræsting

Brennsluoft gastækja, sem eru í stöðugri notkun án eftirlits, skal taka inn í ökutæki í gegn um aðloftsrás. Ráasarop á að vera á botni ökutækisins þar sem því verður við komið, annars á hlið. Fráloft frá gastækjum verður að leiða beint út úr ökutækinu um fráloftsrás. Ráasarop á að vera í lofti þar sem því verður við komið, annars ofarlega á hliðinni.

Ofna og önnur sambærileg gastæki, sem eru í stöðugri notkun án eftirlits, verður að tengja við lokað loftsráskerfi.

Gastæki og tilheyrandi fráloftsbúnaður skal valinn og þannig settur upp að ekki stafi af eldhætta. Ef ekki er annað tekið fram í leiðbeiningum skal fylgja eftirfarandi lágmarks málsetningu við uppsetningu: Fjarlægð frá hitunartæki að brennanlegu efni má ekki vera minni en 100 mm. Hitunartæki, sem snúa inn í ökutækið, verða að hafa grind eða net til þess að brennanlegir hlutir komist ekki nær hitaflatinum en 100 mm. Fráloftsrás verður að vera a.m.k. 75 mm frá brennanlegu efni.

Fjarlægð frá brennara í eldavélum að óvörðum vegg úr brennanlegu efni verður að vera a.m.k. 250 mm. Gaseldavélar í ökutækjum verða að hafa logavara.

9.7.3 Verklýsingar

Engar.

9.7.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunatriðahluta Skoðunarhandbókar.

9.8 NEYÐARBÚNAÐUR HÓPBIFREIÐA

9.8.1 Reglugerðarákvæði

9.8.1.1 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

24.12 Hópbifreið.

- (4) Á áberandi stað við hvern neyðarglugga með öryggisgleri, sbr. lið 11.12 (4) c., skal vera hamar ætlaður til þess að brjóta glerið í neyð. Hamarinn skal festur og innsiglaður. Annar viðurkenndur opnunarbúnaður er einnig heimill.

Nú er hópbifreið í áætlunarakstri og akstursleiðin eingöngu innan þéttbýlis. Getur Samgöngustofa þá veitt undanþágu frá ákvæði 1. mgr. þessa liðar enda sé hamar geymdur hjá öikumni bifreiðarinnar og skilti með upplýsingum um það fyrir farþega.

9.8.1.2 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

11.00 Almenn ákvæði.

- (1) *Skilgreiningar.*

Neyðarútgangur:

Útgangur sem ætlaður er til þess að rýma ökutæki ef aðaldir nýtast ekki sem slíkar eða rýming um þær verður ekki nógu hröð.

Neyðarútgangur getur verið neyðardyr, neyðargluggi og neyðarlúga á þaki.

11.12 Hópbifreið.

- (1) c. *Lágmarksfjöldi* útganga skal vera í hverju sérrými slíkur að heildarfjöldi útganga verði sem hér segir:

Fjöldi leyfðra farþega og áhöfn	Fjöldi útganga
allt að 16	3
17-30	4
31-45	5
46-60	6
61-75	7
76-90	8
91-110	9
110-130	10
>130	11

Neyðarlúga má aðeins telja sem einn af framangreindum útgöngum.

Tafla 11.2

- (2) Staðsetning útganga.

b. Útgöngum skal þannig fyrir komið að þeir séu því sem næst jafnmargir á báðum hliðum. Að minnsta kosti einn neyðarútgangur skal vera framan eða aftan á hópbifreið II eða neyðarlúga. Hvor hluti liðvagns telst vera sjálfstætt ökutæki en gangurinn á milli telst ekki vera útgangur.

- c. Neyðarlúgur skulu vera til viðbótar við aðra neyðarútganga. Í hóp bifreið í undirflokki II, III og A skal vera lágmarksfjöldi lúga sem hér segir:

Fjöldi leyfðra farþega	Fjöldi lúga
≤ 50	1
> 50	2

- d. Útgangar á sömu hlið skulu vera með hæfilegu millibili.
- e. Ef aðeins ein neyðarlúga er á hóp bifreið skal hún vera um miðbik þaksins. Ef lúgurnar eru tvær skulu vera a.m.k. 2,0 m á milli þeirra.

(3) Málsetning útganga.

Útgangar skulu hafa eftirfarandi lágmarksmál:

		Hóp bifreið	
Gerð útgangs	Vídd	Undirfl. I / II og III	Undirfl. A / B
Aðaldyr	Hæð (mm)	1800/1650	1650/1500
	Breidd (mm)	einbreiðar dyr 650	650
		tvíbreiðar dyr 1200	1500
Neyðardyr	Hæð (mm)	1250	1250
	Breidd (mm)	550	550
Neyðargluggi	Flatarmál (m ²)	0,4	0,4
Neyðarlúga	Flatarmál (m ²)	0,4	0,4

Tafla 11.4

Auk þess gildir:

- aðaldyr mega vera allt að 100 mm mjórri í hæð handsláa
- aðaldyr í hóp bifreið í undirflokki A og B mega vera allt að 250 mm mjórri við hjólskálar og fjarstýrðan opnarbúnað
- op neyðarglugga og neyðarlúgu skulu vera þannig löguð að í gegnum þau komist réttthyrningur sem er 500 mm hár og 700 mm breiður.
- að Samgöngustofu er heimilt að veita undanþágu frá stærð aðaldyra hóp bifreiðar í undirflokki B ef frávik eru innan 100 mm.

(4) Gerð útganga.

b. Um neyðardyr gildir:

- neyðardyr sem hægt er að hafa læstar utan frá skal alltaf vera auðvelt að opna innan frá
- dyr með aflokun skal ekki telja neyðarútgang nema hægt sé að opna þær rակleitt með handfli þegar stjórnubúnaður fyrir fjarstýrðar aðaldyr hefur verið aftengdur.
- handföng að utanverðu skulu ekki vera ofar en 1800 mm yfir akbraut miðað við óhlaðna bifreið
- lamir á neyðardyrum skulu vera að framanverðu
- neyðardyr skulu opnast út og vera þannig hannaðar að lítil hætta sé á að þær festist jafnvel þótt yfirbygging aflagist við umferðaróhapp

- á neyðardyrum á hóp bifreið II sem ekki sjást auðveldlega úr sæti ökumanns skal vera búnaður sem varar ökumann við ef dyrnar eru ekki tryggilega lokaðar. Viðvörunarbúnaðurinn skal stjórnast af læsingunni sjálfri en ekki af hreyfingu hurðarinnar.
- c. Í neyðarglugga skal vera auðbrjótanlegt öryggisgler. Ekki skal samt gera kröfu um slíkt gler ef neyðargluggi er með fullnægjandi losunarbúnaði sem gerir kleift að opna gluggann viðstöðulaust innan frá.
- d. Neyðarlúga skal þannig gerð að hún hindri ekki greiðan aðgang innan úr bifreiðinni. Neyðarlúgur sem hægt er að læsa utan frá skal alltaf vera auðvelt að opna innan frá.

9.8.2 Túlkanir og athugasemdir

Engar.

9.8.3 Verklýsingar

Engar.

9.8.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunaratríðahluta Skoðunarhandbókar.

9.9 BREYTINGAR Á FLOKKUM ÖKUTÆKJA

9.9.1 Reglugerðarákvæði

9.9.1.1 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

01.00 Almenn ákvæði.

- (1) Þegar ökutæki er skilgreint í flokk ökutækja, t.d. hvort það er bifreið, dráttarvél eða vinnuvél, skal taka mið af grunnbyggingu ökutækisins, án tillits til þess þótt við það sé festur búnaður, oft á hjálpargrind, t.d. grafa, hleðslubúnaður, hefiltönn (snjómoksturstönn), krani eða þessu líkt.

01.10 Bifreið.

- (1) Vélknúid ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og ekki telst bifhjól, dráttarvél, torfærutæki eða vinnuvél.

01.11 Fólksbifreið (M1).

- (1) Bifreið sem aðallega er ætluð til fólksflutninga og gerð er fyrir 8 farþega eða færri.
- (2) Nánari undirflokkun fólksbifreiða ræðst af útfærslu yfirbyggingar.

Undirflokkur AA: Stallbakur (sedan): Fólksbifreið með sambyggðu, fólks- og farangursrými, en aðskilnaði á milli fólks og farangurs og a.m.k. 4 sætum í a.m.k. 2 röðum, með 2 eða 4 hliðardryum.

Undirflokkur AB: Hlaðbakur (hatchback): Fólksbifreið með sambyggðu fólks- og farangursrými, en aðskilnaði á milli fólks og farangurs og með a.m.k. 4 sætum í a.m.k. 2 röðum með 2 eða 4 hliðardryum og dryum á afturgafli.

Undirflokkur AC: Langbakur (station wagon): Bifreið með sambyggðu fólks- og farangursrými, með a.m.k. 4 sætum í a.m.k. 2 röðum, með 2 eða 4 hliðardryum og dryum á afturgafli.

Undirflokkur AD: Tvennra dyra bifreið (coupé): Fólksbifreið með takmökkuðu rými aftan við framsæti og með tveimur hliðardryum.

Undirflokkur AE: Blæjubifreið (kabriolet): Fólksbifreið með opnanlegu þaki.

Undirflokkur AF: Fjölnota bifreið: Bifreið önnur en um getur í AA til AE, ætluð til flutninga á farþegum og farangri, í einu rými. Ef slík bifreið uppfyllir hins vegar eftirtalin tvö skilyrði telst bifreiðin ekki vera fólksbifreið:

a) sæti eru ekki fleiri en sjö, sæti telst vera fyrir hendi ef í bifreiðinni eru sæta-festingar.

b) $P-(M+75+N \times 68) > N \times 68$

P = Heildarþyngd bifreiðar

M = Eiginþyngd bifreiðar

N = Fjöldi farþega

01.12 Hópbifreið.

- (1) Bifreið sem ætluð er til fólksflutninga og gerð er fyrir fleiri en 8 farþega, einnig þótt bifreiðin sé jafnframt ætluð til annarra nota.

Hópbifreið I (M2): Hópbifreið með leyfða heildarþyngd 5.000 kg eða minna.

Hópbifreið II (M3): Hópbifreið með leyfða heildarþyngd meiri en 5.000 kg.

- (2) Nánari aðgreining undirflokka hópbifreiða ræðst af útfærslu yfirbyggingar með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar (hópbifreið getur verið í fleirum en einum undirflokki).

Undirflokkur I: Hópbifreið fyrir fleiri en 22 farþega í sætum og stæðum og ætluð fyrir tíðar hreyfingar farþega í og úr hópbifreið.

Undirflokkur II: Hópbifreið fyrir fleiri en 22 farþega í sætum og þar sem gert er ráð fyrir stæðum í gangi og/eða á svæði sem ekki tekur meira rými en tvö tveggja manna sæti.

Undirflokkur III: Hópbifreið fyrir fleiri en 22 farþega í sætum.

Undirflokkur A: Hópbifreið fyrir 22 farþega og færri í sætum og stæðum.

Undirflokkur B: Hópbifreið fyrir 22 farþega og færri í sætum.

01.13 Sendibifreið (N1).

- (1) Bifreið með leyfða heildarþyngd 3.500 kg eða minna sem aðallega er ætluð til vöruflutninga, eða hefur áfestan búnað og hlotið hefur viðurkenningu sem sendibifreið skv. EBE tilskipun nr 70/156 með síðari breytingum, enda hafi bifreiðinni ekki verið breytt hvað varðar fólks- og farmrými.
- (2) Í farmrými sendibifreiðar mega ekki vera farþegasæti né annar búnaður til farþegaflutninga.
- (3) Bifreið < 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd með sambyggðu stýrishúsi og flutningsrými.
Ef slík bifreið uppfyllir hins vegar eftirtalin tvö skilyrði telst bifreiðin ekki vera sendibifreið:
 - a) sæti eru fleiri en sjö, sæti telst vera fyrir hendi ef í bifreiðinni eru sæta-festingar.
 - b) $P-(M+75+N \times 68) < N \times 68$
P = Heildarþyngd bifreiðar
M = Eiginþyngd bifreiðar
N = Fjöldi farþega

01.14 Vörubifreið.

- (1) Bifreið sem ætluð er til vöruflutninga, eða hefur áfestan búnað, með leyfða heildarþyngd meiri en 3.500.

Vörubifreið I (N2)

Vörubifreið með leyfða heildarþyngd 12.000 kg eða minna.

Vörubifreið II (N3)

Vörubifreið með leyfða heildarþyngd meira en 12.000 kg.

01.20 Bifhjól.

- (1) Vélknúíð ökutæki sem hvorki telst bifreið né torfærutæki, er aðallega ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eða á þremur, fjórum eða fleiri hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.
- (2) Vélknúíð ökutæki sem aðallega er ætlað til vöruflutninga, er a.m.k. á fjórum hjólum og innan við 550 kg að eigin þyngd án rafgeyma, sé það rafknúíð.

01.21 Létt bifhjól.

- (1) Bifhjól sem búið er brunahreyfli sem ekki er yfir 50 rúmsentimetrar að slagrúmmáli eða búið rafhreyfli og er eigi hannað til hraðari aksturs en 45 km/klst.
Létt bifhjól I (L1e): Létt bifhjól á tveimur hjólum.
Létt bifhjól II (L2e): Létt bifhjól á þremur hjólum.

01.22 Þungt bifhjól. (Bifhjól sem ekki flokkast sem létt bifhjól):

- (1) **I (L3e):** Á tveimur hjólum.
II (L4e): Með hliðarvagni.
III (L5e): Á þremur hjólum (samhverfum hjólum).
IV (L6e og L7e): Á fjórum hjólum 400 kg eða minna eða 550 kg eða minna ef það er ætlað til vöruflutninga að eigin þyngd (án rafgeyma ef það er rafknúíð).
V: Á sex hjólum 400 kg eða minna eða 550 kg eða minna ef það er ætlað til vöruflutninga að eigin þyngd (án rafgeyma ef það er rafknúíð).

01.50 Eftirvagn.

- (1) Ökutæki sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga.
- (2) Útfærsla eftirvagns getur verið þrenns konar:
 - Tengivagn: Eftirvagn á tveimur ásum eða fleiri sem tengdur við dráttartæki án þess að lóðréttir kraftar geti flust á milli ökutækjanna.
 - Festivagn: Eftirvagn á einum ási eða fleiri sem tengdur við dráttartæki þannig að hluti af þyngd eftirvagnsins hvílir á því.
 - Hengivagn: Eftirvagn á einum ási eða tvíása sem tengdur er við dráttartæki þannig að lóðréttir kraftar færast á milli ökutækjanna.

01.51 Eftirvagn I (O1).

Eftirvagn með leyfða heildarþyngd 750 kg eða minna.

01.52 Eftirvagn II (O2).

Eftirvagn með leyfða heildarþyngd meiri en 750 kg og mest 3.500 kg.

01.53 Eftirvagn III (O3).

Eftirvagn með leyfða heildarþyngd meiri en 3.500 kg og mest 10.000 kg.

01.54 Eftirvagn IV (O4).

Eftirvagn með leyfða heildarþyngd meiri en 10.000 kg.

01.60 Tengitæki

- (1) Ökutæki sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og er ekki eftirvagn. Ennfremur hjólhýsi og tjaldvagn.

Hjólhýsi: Yfirbyggt tengitæki á hjólum ætlað til að vera dregið af bifreið á vegi og notað sem færanlegur bústaður.

Tjaldvagn: Tengitæki á hjólum ætlað til að vera dregið af bifreið á vegi með áföstum búnaði til að tjalda yfir vagninn.

Fellihýsi: Hjólhýsi sem hægt er að fella saman.

01.101 Ökutæki fyrir hreyfihamlaða.

- (1) Ökutæki sem búið er þ.a. það mæti sérþörfum hreyfihamlaðra til aksturs.

01.102 Ökutæki til neyðaraksturs.

- (1) Ökutæki sem búið er neyðarakstursljósakeri, sbr. lið 07.01 (12).

01.103 Ökutæki til vegavinnu.

- (1) Ökutæki sem notað er við vegagerð og vegaviðhald eða starfsemi sem tengist þessu.

01.104 Ökutæki fyrir hættulegan farm.

- (1) Ökutæki sem búið er skv. ADR reglum til að flytja hættulegan farm.

01.105 Námuökutæki.

- (1) Ökutæki sem er vörubifreið eða eftirvagn sem getur verið hannað stærra en hámarksgildi í reglugerð þessari og reglugerð um stærð og þyngd ökutækja segja til um og er ætluð til efnisflutninga utan vega eða innan afmarkaðra vinnusvæða.

01.201 Beltabifreið.

- (1) Vélknúð ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg eða meira að þyngd og getur verið hannað stærra en hámarksgildi reglugerðarinnar, eða reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja, segja til um.

01.202 Björgunarbifreið.

- (1) Bifreið sem er sérstaklega búin til að draga óökufært og/eða mannlaust ökutæki.

01.203 Breytt bifreið.

- (1) Bifreið þar sem veigamiklum atriðum, svo sem stýrisbúnaði, hemlabúnaði, aflrás, hjólum, grind og yfirbyggingu, hefur verið breytt frá upprunalegri útfærslu framleiðanda og sem ekki eru til leiðbeiningar um frá framleiðanda.

01.204 Leigubifreið.

- (1) Fólksbifreið til flutnings á farþegum gegn gjaldi.

01.205 Torfærubifreið (G).

- (1) Sjá grein í reglugerð um gerð og búnað.

01.207 Rallbifreið.

- (1) Bifreið sem ætluð er til rallkeppni og getur verið sérbyggð og hönnuð sterkbyggðari en sambærileg bifreið og með aukabúnað sem almennt er ekki notaður í eða á bifreið í almennri umferð.

01.208 Bifreið til að flytja hreyfihamlaða.

- (1) Bifreið sem er búinn til flutnings á hreyfihömluðu fólki, fyrir amk. tvo hjólastóla.

01.209 Húsbifreið.

- (1) Fólksbifreið, innréttuð sem bústaður með sætum, borði, rúmstæðum og aðstöðu til eldunar og geymslu farangurs.

01.210 Fornbifreið.

- (1) Bifreið, sem ekki er ætluð til almennrar notkunar og telst vera safngripur og er orðin amk. 25 ára gömul.

01.211 Flugvallarrúta.

- (1) Hópbifreið sem hönnuð er stærri en hámarksgildi í reglum um stærð og þyngd ökutækja segir til um og ætluð er til fólksflutninga milli flugvélar og flugstöðvar innan afmarkaðs flugvallarsvæðis

01.310 Fornbifhjól.

- (1) Bifhjól sem ekki er ætlað til almennrar notkunar og telst vera safngripur og er orðið amk. 25 ára gamalt.

9.9.1.2. Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004**02.00 Almenn ákvæði.**

- (1) *Skilgreiningar.*

Tjónabifreið: Bifreið sem orðið hefur fyrir tjóni sem getur haft áhrif á aksturseygileika hennar og akstursöryggi.

- (7) Ökutæki sem flutt er á milli ökutækisflokka skal uppfylla öll ákvæði reglugerðar þessarar sem varða nýjan ökutækisflokk.
- (8) Gildistaka: Ákvæði liðar 02.00 gilda einnig um ökutæki sem skráð er fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

9.9.1.3 Reglugerð um innskatt nr. 192/1993

9.gr. Óheimilt er að telja til innskatts virðisaukaskatt vegna öflunar eða leigu eftirtalinna ökutækja nema þau séu eingöngu notuð vegna sölu skattaðila á vörum eða skattskyldri þjónustu:

1. Sendi- og vörubifreiða með leyfðri heildarþyngd 5000 kg eða minna, sem uppfylla eftirtalin skilyrði:
 - a. Skráð flutningsgeta í fólksrými skal vera minni en helmingur af skráðri burðargetu bifreiðar. Miða skal við að hver maður vegi 75 kg.
 - b. Farmrými, opið eða lokað, aftan við öftustu brún sætis eða millipils skal vera a.m.k. 1700 mm að hleðsludyrum eða hlera. Sé það styttra skal það þó vera lengra en fólksrýmið., mælt frá miðri framrúðu.
 - c. Í farmrými mega hvorki vera sæti né annar búnaður til farþegaflutninga.

9.9.2 Túlkanir og athugasemdir

9.9.2.1 Eftirfarandi sundurliðanir eru á skráningum ökutækja í ökutækjaskrá:

Notkunarflokkur og Yfirbyggingar eru listaðar á breytingarblaði US.111 og nánari skilgreiningu á notkunarflokkum má finn á vef US undir skráningarreglum.

Kóði	Ökutækisflokkur	Kóði	Undirfl	
M1	Fólksbifreið (M1)			Fyrir 8 farþega eða færri.
		AA	AA	Stallbakur (sedan): Fólksbifreið með sambyggðu, fólks- og farangursrými, en aðskilnaði á milli fólks og farangurs og a.m.k. 4 sætum í a.m.k. 2 röðum, með 2 eða 4 hliðardyrum.
		AB	AB	Hlaðbakur (hatchback): Fólksbifreið með sambyggðu fólks- og farangursrými, en aðskilnaði á milli fólks og farangurs og með a.m.k. 4 sætum í a.m.k. 2 röðum með 2 eða 4 hliðardyrum og dyrum á afturgafli.
		AC	AC	Langbakur (station wagon): Bifreið með sambyggðu fólks- og farangursrými, með a.m.k. 4 sætum í a.m.k. 2 röðum, með 2 eða 4 hliðardyrum og dyrum á afturgafli.
		AD	AD	Tvennra dyra bifreið (coupé): Fólksbifreið með takmökkuðu rými aftan við framsæti og með tveimur hliðardyrum.
		AE	AE	Blæjubifreið (kabriolet): Fólksbifreið með opnanlegu þaki.
		AF	AF	Fjölnota bifreið: Bifreið önnur en í AA til AE, ætluð til flutninga á farþegum og farangri, í einu rými. Ef slík bifreið uppfyllir hins vegar eftirtalin tvö skilyrði telst bifreiðin ekki vera fólksbifreið: a) sæti eru ekki fleiri en sjö, sæti telst vera fyrir hendi ef í bifreiðinni eru sæta-festingar. b) $P-(M+75+N \times 68) > N \times 68$ P = Heildarþyngd bifreiðar M = Eiginþyngd bifreiðar N = Fjöldi farþega

M2 Hópbifreið I (M2)

Fleiri en 8 farþegar heildarþyngd ≤ 5.000 kg.

U1	U-I	Fleiri en 22 farþegar í sætum og stæðum (strætisvagnar).
U2	U-II	Fleiri en 22 farþegar í sætum og stæðum í gangi.
U3	U-III	Fleiri en 22 farþegar eingöngu í sætum.
UA	U-A	Færri en 23 farþegar í sætum og stæðum (lítill strætó).
UB	U-B	Færri en 23 farþegar eingöngu í sætum.

U23 U-II/III

M3	Hópbifreið II (M3)			Fleiri en 8 farþegar heildarþyngd ≥ 5.000 kg.
		U1	U-I	Fleiri en 22 farþegar í sætum og stæðum (strætisvagnar).
		U2	U-II	Fleiri en 22 farþegar í sætum og stæðum í gangi.
		U3	U-III	Fleiri en 22 farþegar eingöngu í sætum.
		UA	U-A	Færri en 23 farþegar í sætum og stæðum (lítill strætó).
		UB	U-B	Færri en 23 farþegar eingöngu í sætum.
		U23	U-II/III	
N1	Sendibifreið (N1)			Aðallega til vöruflutninga heildarþyngd ≤ 3.500 kg.
N2	Vörubifreið I (N2)			Aðallega til vörufl. heildarþyngd ≥ 3.500 kg. ≤ 12.000 kg.
N3	Vörubifreið II (N3)			Aðallega til vörufl. heildarþyngd ≥ 12.000 kg.
L1e	Létt bifhjól I (L1e)			Létt bifhjól er bifhjól á tveimur eða þremur hjólum, ekki hannað fyrir meiri hraða en 45 km/klst. Létt bifhjól (flokkur L1e) á tveimur hjólum er búið: a. brunahreyfli með slagrymi ekki yfir 50 sm ³ , eða b. rafhreyfli með samfelld hámarksnafnafl ekki yfir 4 kW.
L2e	Létt bifhjól II (L2e)			Létt bifhjól (flokkur L2e) á þremur hjólum búið: a. brunahreyfli með slagrymi ekki yfir 50 sm ³ og með neistakveikju (rafkveikju), eða b. öðrum brunahreyfli með hámarksnettóafis-afköst ekki yfir 4 kW, eða c. rafhreyfli með samfelld hámarksnafnafl ekki yfir 4 kW.
L3e	Pungt bifhjól I (L3e)			Bifhjól (flokkur L3e) er á tveimur hjólum án hliðarvagns.
L4e	Pungt bifhjól II (L4e)			Bifhjól (flokkur L4e) er á tveimur hjólum með hliðarvagn.
L5e	Pungt bifhjól III(L5e)			Bifhjól (flokkur L5e) er á þremur samhverfum hjólum.
L6e	Pungt bifhjól IV			Bifhjól (flokkur L6e) er á fjórum hjólum, ekki yfir 350 kg að þyngd án farms, að frátalinni þyngd rafgeyma, sé það rafknúid, búið: a. brunahreyfli með slagrymi ekki yfir 50 sm ³ og með neistakveikju (rafkveikju), eða b. öðrum brunahreyfli með hámarksnettóafis-afköst ekki yfir 4 kW, eða c. rafhreyfli með samfelld hámarksnafnafl ekki yfir 4 kW.
L7e	Pungt bifhjól V			Bifhjól (flokkur L7e) er á fjórum eða sex hjólum, búið hreyfli með hámarksnettóafis-afköst ekki yfir 15 kW: a. ekki yfir 400 kg að þyngd án farms, b. ekki yfir 550 kg (að frátalinni þyngd rafgeyma, sé það rafknúid og um er að ræða bifhjól sem ætlað er til vöruflutninga).
O2	Eftirvagn II (O2)			>750 kg og < 3500 kg að leyfðri heildarþyngd

		EF1	Tengiv.	Á amk. tveimur ásum án þess að lóðrétt þyngd flytjist milli ökutækja
		EF2	Festiv.	Verulegur hluti af þyngd hvílir á dráttartæki
		EF3	Hengiv.	Á einum eða tveimur ásum þar sem hluti af þyngd flyst á milli ökutækja (kerra)
O3	Eftirvagn III (O3)			>3500 kg og < 10000 kg að leyfðri heildarþyngd
		EF1	Tengiv.	Á amk. tveimur ásum án þess að lóðrétt þyngd flytjist milli ökutækja
		EF2	Festiv.	Verulegur hluti af þyngd hvílir á dráttartæki
		EF3	Hengiv.	Á amk. tveimur ásum án þess að lóðrétt þyngd flytjist milli ökutækja
O4	Eftirvagn IV (O4)			> 10000 kg að leyfðri heildarþyngd
		EF1	Tengiv.	Á amk. tveimur ásum án þess að lóðrétt þyngd flytjist milli ökutækja
		EF2	Festiv.	Verulegur hluti af þyngd hvílir á dráttartæki
		EF3	Hengiv.	Á amk. tveimur ásum án þess að lóðrétt þyngd flytjist milli ökutækja

9.9.3 Verklýsingar

Engar.

9.9.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunaratríðahluta Skoðunarhandbókar.

9.10 Skráð tjónabifreið

9.10.1 Reglugerðarákvæði

9.10.1.1 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

02.00 Almenn ákvæði.

- (1) Skilgreiningar.

Tjónabifreið: Bifreið sem orðið hefur fyrir tjóni sem getur haft áhrif á aksturseygisleika hennar og akstursöryggi.

02.10 Bifreið.

- (1) Áður en tjónabifreið er tekin í notkun skal gert þannig við hana að aksturseygisleikar hennar og akstursöryggi sé ekki lakara en á sambærilegri bifreið óskemmdri.

9.10.1.2 13. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 751/2003 með síðari breytingum.

Lögreglan skal taka skráningarmerki af ökutæki:

- ef ökutæki er til hættu fyrir umferðaröryggi,
- ef ökutæki er skráð úr umferð í ökutækjaskrá, sbr þó 14. gr.
- ef bifreið er metin sem tjónabifreið, sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja,
- þegar lögreglustjóri, sbr. reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar, hlutast til um að skráningarmerki sé tafarlaust tekin af ökutækinu vegna þess að fullnægjandi váttrygging er ekki fyrir hendi,
- hafi bifreiðagjald ekki verið greitt, sbr. lög um bifreiðagjald eða
- hafi gjöld af henni ekki verið greidd á réttum gjalddaga, sbr. lög um fjáröflun til vegagerðar.

Lögreglan getur tekið skráningarmerki af ökutæki ef:

- vanrækt hefur verið að tilkynna eigendaskipti að ökutæki
- ökutækið er ekki fært til skoðunar þegar krafist er.

Lögreglan skal samdægurs tilkynna Samgöngustofu um bann við notkun ökutækis.

9.10.1.3 Reglugerðar um skoðun ökutækja nr 378/1998

3.mgr. 11. gr.

Nú kemur í ljós við skoðun ökutækis að búnaði þess er verulega áfátt þannig að ökutækið er til hættu fyrir umferðaröryggi og skal þá skoðunarmaður banna notkun þess. Skal skoðunarmaður gefa það til kynna með því að líma rauðan miða með áletruninni "NOTKUN BÖNNUÐ" yfir skoðunarmiða á skráningarmerki eða í stað skoðunarmiða í framrúðu, er kveði á um bann við notkun ökutækisins þar til því hefur verið komið í lögmælt ástand og það fært til endurskoðunar. Þó er heimilt að aka stystu leið frá viðgerðarstað til endurskoðunar.

9.10.2 Túlkanir og athugasemdir

9.10.2.1 Í bréfi dómsmálaráðuneytisins frá 15. mars 1999 með tilvísun 99030094 572.20 er eftirfarandi texti:

"Í reglugerð nr 291/1998 um breytingu á 30. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja eru ákvæði um tjónabifreiðir. Þar er kveðið á um þátt lögreglu og váttryggingarfélaga og tilkynningaskyldu til Samgöngustofu.

Í reglugerð um starfshætti Samgöngustofu ökutækja eru tilgreind hlutverk Samgöngustofu.

Ráðuneytið telur að í þessum tveimur reglugerðum komi fram nægilega skýr fyrirmæli til handa Samgöngustofu til að hún geti sinnt því hlutverki að skrá tjónabifreiðir samkvæmt fullgildum tilkynningum sem henni berast og gefa út skráningarskírteini í samræmi við þá tilkynningu. Samgöngustofa getur breytt skráningu bifreiðar sem tjónabifreiðar í samræmi við þau gögn sem hún viðurkennir. Á sama hátt er sjálfsagt að Samgöngustofa gefi eiganda/umráðamanni kost á andmælum, sbr. tillögu starfshóps um skráningu á tjónabifreiðum, dags. 2. október 1997, og tillögu í tölvubréfi Samgöngustofu, dags. 25. febrúar sl.

Eðlilegt er að Samgöngustofa setji sér verklagsreglur varðandi skráningu ökutækja, þar með talið tjónabifreiða. Slíkar reglur getur ráðuneytið staðfest.”

9.10.3 Verklýsingar

9.10.3.1 Mat á tjónabifreið

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja nr.822/2004 er tjónabifreið bifreið sem hefur orðið fyrir tjóni sem getur haft áhrif á akstursegginleika hennar og akstursöryggi.

Ef eitthvað af neðangreindum atriðum á við um bifreið má ætla að hún sé tjónabifreið:

- 1 Öxull eða hjól hefur gengið til og sýnileg merki eru um að hjóla- eða stýrisbúnaður hafi bognað eða færst úr stað.
- 2 Sýnileg merki eru um að burðarvirki yfirbyggingar eða sjálfstæð grind hafi bognað. Sérstaklega skal athuga festingar fyrir fjaðrabúnað og stýrisbúnað. Kýttur grindarendi myndar oftast skekkju á hjóla- og stýrisbúnaði.
- 3 Sýnileg merki eru um snúning á yfirbyggingu. Sérstaklega skal athuga göt fyrir framrúðu og hurðir.
- 4 Þverbrot í þaki er öruggt merki um skekkju í burðarvirki (brotið er oft sýnilegt ofan við aftari framhurðarstaf).
- 5 Ef um hliðartjón er að ræða skal athuga hurðarbil á þeirri hlið sem óskemmd er. Ef bil er gleiðara í miðju en að framan eða aftan er burðarvirkið bogið um langás.

Viðurkenndir skoðunarmenn tryggingafélaga og faggiltra skoðunarstofa geta endurmetið tjónamat lögreglu og tollvarða.